

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 25. september kl. 13:00 var haldinn 341. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Unnur Líndal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks. Valgarður, Þórður og Unnur tóku þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerðir SF 339 og SF 340 lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:05 mætti Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins ásamt Brynju Kolbrúnu Pétursdóttur og Örnú Vigdísu Jónsdóttur, fjármálaleiðtoga OR. Benedikt lagði fram og kynnti forsendur og fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2024 og langtímaspá áráanna 2024-2028. Umræður.

Klukkan 13:20 mætti Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra Veitna til fundarins ásamt Þorgeiri Hafsteini Jónssyni, fjármálaleiðtoga Veitna og kynnti fjárhagsspá félagsins. Sólrún og Þorgeir yfírgáfu fundinn kl. 13:52.

Klukkan 13:52 mætti Einar Ólafsson, fjármálaleiðtogi Orku náttúrunnar, á fundinn og kynnti fjárhagsspá félagsins og ON Power. Einar yfírgaf fundinn kl. 14:25.

Klukkan 14:25 mætti Einar Þórarinsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans til fundarins ásamt Höllu Björgu Haraldsdóttur, fjármálaleiðtoga Ljósleiðarans og kynnti fjárhagsspá félagsins. Einar og Halla yfírgáfu fundinn kl. 14:55.

Klukkan 14:55 mætti Edda Sif Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfíx hf. til fundarins ásamt Erling Tómassyni, fjármálaleiðtoga Carbfíx hf. og kynnti fjárhagsspá félagsins og Coda Terminal. Edda Sif og Erling yfírgáfu fundinn kl. 15:15.

Benedikt kynnti fjárhagsspá móðurfélags og samstæðu OR.

Samþykkt að fresta afgreiðslu fjárhagsspár til aukafundar, sem haldinn verður kl. 15:30 þann 2. október nk.

Áhættuskýrsla, dags. 15. september 2023, lögð fram.

Skýrsla um rekstraráhættur, dags. 23. september 2023 lögð fram.

Benedikt og Brynja Kolbrún yfírgáfu fundinn kl. 15:50.

3. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 25. september 2023. Umræður.
 - Forstjóri lagði fram tillögu og minnisblað stjórnar Orku náttúnnar vegna stækkunar varmastöðvar á Hellisheiði. Óskaði eftir umboði stjórnar til að samþykkja stækkun varmastöðvar á hluthafafundi. Umboðið samþykkt samhljóða.

4. Klukkan 16:00 mætti Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs og menningar til fundarins ásamt Ásu Björk Jónsdóttur. Þær og Arna Vigdís gerðu grein fyrir þróun fjölda starfsfólks og launakostnaðar í samræmi við beiðni stjórnar frá fundi 28. ágúst sl. Umræður.
5. Klukkan 16:15 mætti Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri til fundarins og tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Eiríkur greindi frá vinnu að niðurlagningaráætlun Elliðaárstöðvar, deilisskipulagi Elliðaárdals, o.fl. Umræður.

Skúli Þór Helgason yfirgaf fundinn kl 16:25.

6. Lagt fram minnisblað um forðagæslu, dags. 20. september 2023.
7. Samþykkt að taka starfsreglur stjórnar til rýni og að ritari stjórnar leggi fram tillögur að breytingum.
8. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ehf. dags. 20.09.2023

Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ehf. dags. 23.08.2023

Fundargerðir stjórnarfundar Carbfix hf. dags. 20.07, 03.08, 10.08 og 17.08.2023

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ehf. dags. 25.09.2023

Fundargerð stjórnarfundar Veitna ehf. dags. 28.08. 2023

Minnisblað framkvæmdastýru Ljósleiðarans ehf. dags. 20.09.2023

Fundargerðir stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 25.08, 30.08 og 15.09.2023

9. Lagt fram svar við fyrirspurn Skúla Þórs Helgasonar, dags. 25. september 2023.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:00

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 23. október 2023.
Aukafundur stjórnar vegna fjárhagsspár verður haldinn mánudaginn 2. október 2023.**

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.